

Slíkan drátt á sölu eigna skal tilkynna bankaeftirliti sem getur þá krafist sölu þeirra innan viðeigandi frests.

Sjóðnum er óheimilt að taka lán nema til fjárfestingar í fasteignum sem eru nauðsynlegar vegna starfsemi sjóðsins. Sjóðnum er þó heimilt að nýta almenna greiðslufresti vegna kaupa á verðbréfum eða taka skammtímalán til þess að jafna fjárstreymi.

Sjóðnum er óheimilt að veita lán til stjórnarmanna, varamanna þeirra, starfsmanna sjóðsins, endurskoðenda, eftirlitsaðila, þeirra er framkvæma tryggingafræðilega athugun á hag sjóðsins eða maka þessara aðila, nema þeir séu félagar í viðkomandi sjóði og þá eftir þeim reglum sem gilda um lán til sjóðfélaga almennt.

4. gr.

Á eftir 8. gr. kemur ný grein sem verður 9. gr. og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Fjárfestingaleiðir.

Stjórn sjóðsins er heimilt að deildaskipta sjóðnum upp í deildir með mismunandi fjárfestingastefnu enda sé fjárfestingastefna hverrar deildar innan þeirra marka sem skilgreind eru í 8. grein.

Jafnframt er einstökum sjóðfélögum heimilt að gera samning við Séreignalífeyrissjóðinn um að ávaxta inneign þeirra í sérstökum verðbréfasöfnum með eignasamsetningu að þeirra vali.

Ef sjóðfélagi nýtir sér ekki heimild til að velja milli þeirra fjárfestingaleiða sem í boði eru, sbr. 1. mgr., er stjórn sjóðsins heimilt að velja fyrir hann og skal þá tilkynna sjóðfélaga skriflega hvaða fjárfestingaleið var valin.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 30. júní 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Á fundi bæjarráðs 20. ágúst 1998 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi fyrir Vatnsendablett 96. Í tillögunni felst að heimiluð er viðbygging við hús sem stendur á lóðinni.

Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 9. júní til 17. júlí 1998 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Kópavogi, 29. september 1998.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.